



Fjarfundur í AST ásamt bæjarstjórum á Suðurnesjum

Fundur 23. nóvember 2020 kl. 13:00

Mætt: Úlfar Lúðvíksson (LSS), Margrét Kristín Pálsdóttir (LSS), Bjarney S. Annelsdóttir (LSS), Arngrímur Guðmundsson (LSS), Fjölur Freyr Guðmundsson (HSS), Arnar Steinn Elísson (Svæði2), Kjartan Már Kjartansson (RNB), Fannar Jónasson (GRI), Magnús Stefánsson (SUD), Ásgeir Eiríksson (Vogar), Andrea Hauksdóttir (HSS).

1. Úlfar Lúðvíksson, lögreglustjóri bauð fundarmenn velkomna. Allt gott að fréttu af lögreglunni og haldið er uppi virku eftirliti. Það er batnandi staða, óbreytt ástand frá því fyrir um helgi.
2. Fjölur Freyr fór yfir að staðan væri góð. Hvað varðar HSS þá verður farið í það að létta á hjá þeim innan deilda en farið verður varlega.
3. Magnús hjá Suðurnesjabæ, Kjartan Már hjá Reykjanesbæ og Ásgeir hjá Vogum sagði að allt verður endurskoðað þegar aflétting kemur í ljós. Fannar fór yfir að staðan hjá Grindavík er góð.
4. Úlfar talaði um að mikilvægt að sjá þessa viku góða og þá væri hægt að létta aðeins á.
5. Andrea sagði að verulega hefði dregið úr eftirspurn úr skimunum.
6. Arngrímur fór yfir að allt væri gott að fréttu í FLE og beðið eftir breytingum nk. mánaðamót. Vonandi munu allir nýta sér ókeypis sýnatökur.
7. Kjartan Már fór yfir að mikilvægt að halda áfram starfi í gerð viðbragðsáætlana vegna jarðhræringa.
8. Gunnar Schram fór fyrir það að verið væri að klára Grindavíkuráætlunina. Í síðustu viku var vinnufundur með viðbragðsaðilum í Grindavík. Beðið er eftir yfirferð frá HSS á þeirra verkþætti. Eftir það ætti Grindavíkurhlutinn að vera klár og þá munum við snúa okkur að öðrum bæjarfélögum.
9. Arnar Steinn tók til máls og ræddi að mikilvægt að þeir komi að þegar áætlanir fyrir önnur sveitarfélög fara í að gera sínar áætlanir.
10. Kjartan Már fór fyrir kaup á ljósavélum vegna fjöldarhjálpastöðva. Það þarf að hugsa hlutina öðruvísi, sérstaklega í stöðu eins og Covid. Fannar tók líka til máls og sagði að þessir sömu hlutir væru til endurskoðunar, sérstaklega varðandi skólana. Kannski eru þeir ekki endilega heppilegastir þó þeir hafi alltaf einhvern veginn orðið fyrir valinu. Fannar vildi líka koma því að fundarmönnum að mikilvægt væri að velja varaafsstöð sem væri nógu öflug.
11. Arnar Steinn talaði um að SSS og fjöldarhjálpastöð mætti ekki vera sami staðurinn.

Úlfar fór yfir það að næsti fundur yrði 30. nóv á sama tíma.

Fundi slitið klukkan 13:17.

Bjarney S. Annelsdóttir, yfirlögrelupjónn